

Fundargerð

194. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 7. janúar 2014 kl. 13⁰⁰–13⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Smurolíusamningur
- (3) Fundartímar stjórnar janúar – júlí 2014
- (4) Lagabreytingar
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (193. fundar).

2. Smurolíusamningur

Lögð voru fram á fundinum drög að nýjum smurolíusamningi og samningi um söfnun og úrvinnslu svartolíuúrgangs. Undirbúningshópur hefur lokið vinnu við endurskoðun samningsins í framhaldi af ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Stjórn ÚS veitir Ólafi Kjartanssyniheimild til að skrifa undir samninginn fyrir hönd Úrvinnslusjóðs.

3. Fundartímar stjórnar janúar – júlí 2014

Lögð var fram á fundinum tillaga að fundartímum stjórnar ÚS frá janúar til júlí 2014.

Samþykkt.

4. Lagabreytingar

Lagt var fram á fundinum lög nr. 140/2013 vegna breytinga á upphæð úrvinnslugjalds á vörflokka plastsumbúða, leysiefna, framköllunarvökva, blýsýrurafgeyma og málningar. Einnig var hækkað skilagjald á ökutæki í 20.000 kr.

5. Önnur mál

GGP fór yfir það að gera þyrfti ráðstafanir hjá ÚS vegna væntanlegrara yfirfærslu á raf- og rafeindatækjaúrgangi. ÚS er farinn að stofna til kostnaðar vegna yfirfærslunnar.

GGP ræddi um framtíðarskuldbindingar ÚS og óskaði eftir því að send yrðu bréf til Ríkisendurskoðunar og UAR um að koma að vinnu við að meta framtíðarskuldbindingar sjóðsins.

Stjórn samþykkir að senda bréf til Ríkisendurskoðunar og UAR.

Stjórn ræddi um meðhöndlun á málm- og glerumbúðum. Einnig var rætt um frumkvæði Úrvinnslusjóðs við að leggja til nýja vöruflokka sem bera eigi úrvinnslugjald.

Næsti fundur ákveðinn 20.janúar 2014.

Fundi slitið kl 13:40